

3H Travel ehf.
Markarflöt 5
210 Garðabær

Reykjavík, 6. september 2019
UST201908-154/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - aðstaða við Þríhnúka

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn 3H Travel ehf., dagsett 20. ágúst 2019, um leyfi til uppsetningar á aðstöðu við Þríhnúka í Bláfjallafólkvangi. Jafnframt er óskað eftir því að gámar sem fyrirtækið hefur sett upp á svæðinu undanfarin ár og eru nýttir sem aðstaða fyrir gesti og starfsfólk fái að standa veturinn 2019-2020.

Bláfjallafólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 173/1985. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

3H Travel ehf. óska eftir leyfi til uppsetningar á búnaði til að auðvelda aðgengi að Þríhnúkagíg vorið 2020. Líkt og síðustu ár, yrði byggingakranabóma lögð þvert yfir gígopið, án nokkurs rasks á landi eða yfirborði. Neðan úr bómunni verður tveggja spila lyftupallur sem notaður verður til flutnings á fólki. Að meðaltali kæmu um 14 manns að verkefninu. Óskað er eftir starfsleyfið gildi frá 10. maí 2020 og út október sama ár. Rafmagnskapall sem lagður var frá Bláfjöllum mun fullnægja rafmagnsþörf og innan við 40 lítrar af olíu verða á varaafstöð í Þríhnúkum. Jafnframt er þess farið á leit að gámar og þurrsalerni sem notast hefur verið við undanfarin ár, fái að standa yfir veturinn 2019-2020. Árið 2017 fékk 3H Travel leyfi Umhverfisstofnunar til að gámarnir og salernin sem fyrir voru fengju að standa þar áfram veturinn 2017-2018 þar sem minni hætta væri á raski og mengunarhættu ef þeir fengju að standa áfram í stað þess að vera fjarlægðir um haustið og fluttir aftur á svæðið um vorið.

Fyrir liggur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Félagið lagði stíg frá Bláfjöllum og að Þríhnúkum í vorið 2014 og tókst sú framkvæmd vel og hefur hann staðist mjög vel álagið. Bætt hefur verið við mól við stíginn eftir þörfum og síðastliðið vor var hann lagfærður talsvert. Óskar félagið eftir leyfi til að viðhalda stígunum með því að bera malað hraungrýti í hann næsta vor reynist einhver þörf á því.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina líklega til að hafa neikvæð áhrif á ásynd svæðis, en til að hægt sé að nýta svæðið með því fyrirkomulagi sem hefur verið eru þessar framkvæmdir nauðsynlegar. Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að farið sé eftir þeim skilyrðum sem

sett eru. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að vanda til verks á svæðinu og að stýring á umferð ferðamanna verði þannig háttáð að ekki verði rask á gróðri verði fyrir utan gögnustíg. Svæðið er afar viðkvæmt og á erfitt með að jafna sig eftir átroðning.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir 3H Travel fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu á tímabundinni aðstöðu við Þríhnúka, viðhald göngustígs og að gámar og þurrsalerni sem fyrir eru á svæðinu fái að standa þar veturinn 2019-2020 sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- **Leyfi þetta gildir frá 10. maí og til með 31. október 2020**
- Tryggt skal að allur búnaður verði settur upp og fjarlægður innan gildistíma leyfisins.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær búnaður er fluttur á svæðið og uppsetning á aðstöðu hefst. Eins þegar frágangi á svæðinu lýkur í lok tímabilsins.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Að Umhverfisstofnun verði gert viðvart ef upp koma slys eða önnur óhöpp tengd leyfi þessu.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum. Þar sem þarf að fara út fyrir vegi eða göngustíga skal það tryggt að umgangur sé ekki líklegur til að valda gróðurskemmdum.
- Afmarka skal athafnasvæði fyrirtækisins vel til að koma í veg fyrir jarðrask í kringum það.
- Starfsmenn og gestir fyrirtækisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður og komið í endurvinnslu eftir því sem tók eru á.
- Öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja við flutning búnaðar á svæðið þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarðlægt.
- Umsækjandi skal stuðla að því að það sé góð stýring á umferð ferðamanna um svæðið þannig að tryggt sé að svæði utan göngustíga verði ekki fyrir raski.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með starfsemi. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun óskar eftir fundi með umsækjanda ásamt Kópavogsbæ til að móta skýrari framtíðarsýn fyrir svæðið.

Virðingarfyllst


Hildur Hafbergsdóttir
sérfræðingur


René Biasone
sérfræðingur